

REYKJAVÍKUR AKADEMÍAN

2015

Skýrsla

Sesselju G. Magnúsdóttur framkvæmdastjóra

um starfsemi ReykjavíkurAkademíunnar ses

árið 2015

Inngangur

ReykjavíkúAkademían ses (RA ses) er sjálfseignarstofnun sem byggir á grunni Félags ReykjavíkúAkademíunnar sem er félag sjálfstætt starfandi fræðimanna í menningar-, hug- og félagsvísindum á Íslandi. Stofnunin er í senn vinnustaður, vettvangur fræðilegra viðburða og umræðu og félagsleg miðja sjálfstæðra rannsókna. Alls eru 40 fræðimenn starfandi innan hennar vébanda í dag.

Árið 2015 var átjándi starfsár ReykjavíkúAkademíunnar. Það hófst með látum í orðsins fyllstu merkingu en fyrstu mánuðina var enginn vinnufriður í húsinu vegna jarðvinnu á lóðinni við hliðina þar sem verið var að byggja hótél. Stórir höggborar gengu dögum, vikum og mánuðum saman svo allt ætlaði að æra. Hávaðinn tók þó loks enda eins og annað í lífinu og þá kom í ljós að vinnuandinn var góður í nýja húsnaðinu. Reynar svo góður að nánast hvert borð hefur verið setið allt árið.

Engar breytingar urðu á starfsfólki RA ses á árinu. Sesselja G. Magnúsdóttir starfaði áfram sem framkvæmdastjóri og Ólafur Hrafn Júlíusson var á sínum stað á skrifstofunni. Guðný Kristín Bjarnadóttir sá um heimasíðu Akademíunnar og Helga Hanna Sigurðardóttir bókaði sem aldrei fyrr. Rekstur RA ses hefur þó þungst nokkuð frá því við vorum í JL húsinu og munar þar mestu um aukinn kostnað vegna húsnaðis. Afleiðingarnar komu fyrst og fremst fram í fækkun stöðugilda innan stofnunarinnar og þurfti að leggja 50% stöðu við RannsóknaSmíðju ReykjavíkúAkademíunnar (RaRA) niður tímabundið.

Nokkrir viðburðir voru þó haldnir á árinu svo sem innflutningsboð, málþing í samstarfi við borgina um skapandi aðferðir í vinnu með fullorðnum sem leið til valdeflinar, H21 málþing og RA ses tók þátt í að halda alþjóðlega dansráðstefnu hér á landi.

Fræðimenn innan RA-ses stunduð margvíslegar rannsóknir, skrif, skýrslugerð, kennslu og fleira á árinu sem gert verður grein fyrir í sérstaklegri rannsóknarskýrslu sem unnin verður. RA ses hafði aftur á móti umsýslu með bæði stærri rannsóknarverkefnum og minni ferða- og verkefnastyrkjum fræðimanna í húsi og verður gert grein fyrir þeim hér. Í lok ársins var gengið frá samningi við Eflingu – stéttarfélag um áframhaldandi varðveislu RA ses á Bókasafni Dagsbrúnar.

Stjórn RA ses og stjórnarfundir

Stjórn RA ses fundaði formlega alls sex sinnum á árinu auk þess sem stjórn var haldið upplýstri um gang mála í stærri verkefnum eins og samningaviðræðum við Eflingu vegna Bókasafns Dagsbrúnar í gegnum tölvupósta. Stjórnarmenn hafa ávallt tekið beinan þátt í stefnumótun og eftirfylgni hennar og stóðu sem fyrr þétt að baki framkvæmdastjóra í þeim verkefnum sem þurfti að sinna.

Ný stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses var kjörin á aðalfundi Félags ReykjavíkurAkademíunnar 22. apríl 2015.

Stjórnina skipa:

Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur og þýðandi, formaður
Dr. Ingimar Einarsson félags- og stjórn málafræðingur, varaformaður
Sólveig Ólafsdóttir sagn- og menningarstjórnunarfræðingur
Dr. Íris Ellenberger sagnfræðingur
Gylfi Gunnlaugsson bókmenntafræðingur
Guðbjörg Lilja Hjartardóttir stjórn málafræðingur varamaður í stjórn
Gylfi Ólafsson heilsuhagfræðingur varamaður í stjórn

Framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar ses var Sesselja G. Magnúsdóttir sagn- og dansfræðingur og var þetta hennar annað starfsár.

Daglegur rekstur RA og starfsfólk

Daglegur rekstur RA á árinu 2015 var í jafnvægi en nokkuð þurfti að draga saman seglin frá árinu áður vegna aukins húsnæðiskostnaðar, meðal annars með því að fækka um það ½ stöðugildi sem náðst hafði inn árið áður vegna RaRA. Rekstrarumsýsla rannsóknaverkefna, málþinga og funda var að mestu í höndum starfsfólks RA ses þetta árið en einnig voru verkefnastjórar fengnir inn, t.d. vegna sameiginlegs málþings RA-ses og Reykjavíkurborgar.

Rekstur þjónustuversins var á hefðbundnum nótum og Ólafur Hrafn hélt áfram að sinna ýmsum viðvikum fyrir Akademóna innan ramma þjónustuversins.

Nokkur umsýsla var vegna verkefna á árinu bæði tengd stórum rannsóknarstyrkjum sem og minni ferðastyrkjum.

Rekstur

Þrátt fyrir þyngri róður vegna hækkunar húsnæðiskostnaðar tókst með aðhaldsaðgerðum að halda rekstri RA ses árið 2015 réttu megin við strikið og meira að segja hækka eigið fé um tæpa milljón á milli ára. Alls námu rekstrartekjur RA rúmum 65 milljónum á árinu 2015 en höfðu verið rúmar 61 milljón árið 2014. Munurinn skýrist að mestu af styrkjum bæði frá Félagi ReykjavíkurAkademíunnar og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna flutninganna árið á undan. Rekstrargjöld ársins lækkuðu aftur á móti á milli ára úr rúmum 66 milljónum á árinu 2014 í rúmar 64 milljónir. Ástæða lækkunar rekstrargjalda eru einkum lægri starfsmannakostnaður. Eigið fé stofnunarinnar nam rétt um 5 milljónum í árslok 2014 en var með hagræðingu í rekstri komið upp í tæpar 6 milljónir í árslok 2015. Heildarhagnaður af rekstri RA ses nam því um 830 þúsund krónum á árinu 2015 en það hafði verið tap upp á tæpar 5,1 milljón á árinu 2014 þó að lang mestan hluta þess mætti rekja til kostnaðar vegna flutninganna. Eins og áður segir er daglegur rekstur RA ses í jafnvægi en það er mikilvægt verkefni fyrir framkvæmdastjóra og nýja stjórn að leita leiða til að styrkja rekstur stofnunarinnar, meðal annars svo að hægt verði að ráða aftur starfsmann til RaRA og auka eigið fé. Greidd laun árið 2015 voru 16,8 milljónir en voru 22,6 milljónir árið 2014. Breytingar á launakostnaði tengjast lækkun á samanlögðu starfshlutfalli innan stofnunarinnar í tengslum við Rannsóknasmiðjuna en líka vegna þess að seinnihluta árs 2014 fékk fyrrverandi framkvæmdastjóri laun vegna veikindaleyfis eftir að núverandi hafði tekið við starfinu.

Hvað daglega rekstrarþætti RA ses varðar þá varð tap á rekstri skrifstofuhúsnæðisins árið 2015 upp á 1,6 milljón og þarf framkvæmdastjóri og ný stjórn að skoða hvaða leiðir eru færar til að koma í veg fyrir að það endurtaki sig. Augljósasta lausnin er hækkun framleiguverðs en einnig þarf að skoða hvort aðrar leiðir séu færar. Þjónustugjöld standa undir rekstri þjónustuversins en rekstur skrifstofu og bókhalds falla undir það sem kallast annar rekstur í ársreikningi og greiðist af fjárframlögum af fjárlögum og tekjum af umsýslu. Rekstrarafgangur varð af Bókasafni Dagsbrúnar árið 2015 upp á tæpa 1,9 milljón en árið áður hafði verið rekstrartap upp á 1 milljón. Mismunurinn stafar af tveimur mismunandi þáttum. Annars vegar því að launakostnaður á árinu lækkaði en starfshlutfall á bókasafninu minnkaði úr 60% í 40% á árinu auk þess sem engin laun voru greidd frá miðjum nóvember þegar starfsmaður bókasafnsins fór í veikindaleyfi. Hins vegar vegna þess að með nýjum samningi var kostnaður við rekstur

bókasafnsins endurmetinn og kom þá í ljós að hann hafði verið nokkuð vanmetinn undanfarið ár.

Starfsfólk

Sesselja G. Magnúsdóttir hélt áfram sem framkvæmdastjóri RA ses í fullu starfi árið 2015 en hún tók við því starfi 1. september 2014 en hafði áður verið starfsmaður RaRA. Helstu verkefni starfsársins fyrir utan daglegan rekstur var samningsgerð við Eflingu en auk þess hélt framkvæmdastjóri gangandi helstu verkefnum RaRA svo sem H21 málþingunum, yfirllestri vegna umsókna í sjóði, undirbúningi NOFOD ráðstefnunnar o.fl..

Ólafur Hrafn Júlíusson þjónustufulltrúi var áfram í fullu starfi allt árið 2015. Störf hans fyrir RA og akademóna voru að venju mörg og margvísleg. Öll dagleg umsjón skrifstofuhúsnæðis og þjónustovers RA ses var sem fyrr í höndum Ólafs Hrafns og þá um leið samskipti og þjónustu við leigjendur. Dagleg umsýsla fjármála var líka eins og áður í hans höndum.

Guðný Kristín Bjarnadóttir bókasafnsfræðingur á Bókasafni Dagsbrúnar sinnti meðfram störfum sínum við bókasafnið starfi vefstjóra RA ses og sá um heimasíðu ReykjavíkurAkademíunnar. Einnig sinnti hún verkefnastjórn vegna viðburða innan RA.

Helga Hanna Sigurðardóttir var bókari RA í hlutastarfi og hélt farsællega utan um bókhaldið í góðu samstarfi við Ólaf Hrafn og Sesselju.

Viðburðir

Í upphafi árs nánar tiltekið 21. janúar gerðu Akademónar sér glaðan dag og fögnuðu flutningunum með sérlega velheppnuðu innflutningsboði. Samkoman var haldin í nýja salnum okkar á fjórðu hæðinni sem og allri annarri hæðinni og til hennar boðið nýjum og gömlum félögum RA, fulltrúum þeirra stofnana sem staðið hafa við bakið á félaginu og stofnuninni undanfarin ár og þeim sem við höfum átt mest samstarf við í gegnum tíðina.

Umsýsla verkefna og viðburða

Fjárhagsleg og rekstrarleg umsýsla með rannsóknaverkefnum sem hlotið hafa styrk er eitt af mikilvægu verkefnum ReykjavíkurAkademíunnar ses. Árið 2015 fengu tveir fræðimenn greidd verktakalaun vegna verkefnis í umsjá RA ses auk þess sem stofnunin hélt utan um nokkra styrki sem fræðimenn höfðu fengið vegna ferða eða námskeiðahalds. RA ses hafði umsýslu með alþjóðlegri dansráðstefnu sem haldin var í lok maí og hélt utan um og skipulagði sameiginlegt málþing RA ses og Reykjavíkurborgar sem haldið var um miðjan maí.

Húsnæðismál

Langþráð kyrrð er nú komin á húsnæðismál RA ses eftir að undirritaður var leigusamningur við BE eignir ehf í október 2014 til 10 ára. Með samningnum komst jafnvægi á rekstrarforsendur stofnunarinnar nema upp komi óðaverðbólga í samfélaginu en samningurinn er vísitölutryggður.

Framleigunýtingin var mjög góð á árinu og nánast öll pláss í útleigu. Nokkurt gegnumstreymi hefur þó verið af fólki eins og gengur.

Styrktarsamningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Styrktarsamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur frá upphafi verið grunnurinn að starfi RA ses sem rannsókn- og nýsköpunarmiðstöðvar í menningar-, hug- og félagsvísindum. Núverandi styrktarsamningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við RA ses sem tók gildi 1. janúar 2014 rennur út 31. desember 2016 svo eitt af mikilvægustu verkefnum framkvæmdastjóra og nýrrar stjórnar á þessu ári er að semja upp á nýtt við ríkið og tryggja áframhaldandi fjárframlög af fjárlögum til næstu ára. Framlög til RA ses á fjárlögum 2015 voru 18,2 milljónir.

Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg hefur verið einn af tryggustu bakhjörllum RA frá upphafi. Fyrsti opinberi styrkurinn sem RA hlaut, kom frá Reykjavíkurborg og þjónustusamningar milli þessara tveggja aðila hafa verið í gildi svo til allan starfsferil Akademiunnar.

Þjónustusamningurinn fyrir árið 2015 var undirritaður 30. október 2014 og hljóðaði upp á 2 milljónir króna. Samkvæmt honum var eins og árið áður stór hluti styrksins eyrnamerkur málþingi í samstarfi RA og borgarinnar sem haldið yrði á árinu um málefni sem tengdist báðum aðilum. Þessu samningsatriði var fylgt eftir 15. maí 2015 en þá var málþingið *Valdefling – skapandi aðferðir í vinnu með fullorðnum* haldið í Iðnó. Mæting var vonum framfar eða 80 manns og var almenn ánægja meðal málþingsgesta með viðburðinn. Um heilsdags málþing var að ræða. Verkefnisstjóri málþingsins var Björg Árnadóttir rithöfundur og menntunarfræðingur. Auk aðkomu RA að þessu einstaka verkefni sinntu Akademónar ýmsum verkefnum, stórum sem smáum, fyrir Reykjavíkurborg á grundvelli samningsins.

Rannsóknasmiðja ReykjavíkurAkademíunnar

RaRA er ætlað að efla og styrkja akademískar rannsóknir innan RA ses og kynningu á þeim. Henni er ætlað að þjóna þeim fræðimönnum sem starfa sjálfstætt innan vébanda RA ses og öðrum félögum í RA – félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna, t.d. með handleiðslu bæði einstaklinga og hópa við umsóknagerð, sem og stuðningi við skipulagningu málþinga og ráðstefna. RA ses nýtir sér samfélagsmiðlana til auglýsinga og kynningar meðfram hefðbundnum auglýsingum á heimasíðu og á póstlistum og lögð er áhersla á að taka upp og birta opinberlega fyrirlestra og umræður á fundum og málþingum sem haldin eru á vegum RA ses.

Eins og fram hefur komið var formleg starfsemi RaRA lítil á árinu enda enginn starfsmaður innan hennar. Framkvæmdastjóri ásamt starfsfólki reyndi þó að halda gangandi þeim verkefnum sem fest höfðu sig í sessi innan RaRA ses, svo sem H21 málþingunum og leiðsögn í tengslum við styrkumsóknir.

H21 málþing og eftirfylgni þess

Eina H21eða Hugmyndir 21. aldarinnar málþing ársins var haldið 13. nóvember. Þetta var fjórða árið í röð sem ReykjavíkurAkademían ses hélt málþing undir merkjum H21, en á þeim kynna nýútskrifaðir doktorar niðurstöður rannsókna sinna. Markmiðið er að halda tvö H21 málþing á ári en vegna lítills fjárhagslegs svigrúms var það ekki hægt árið 2015. Þrengingar urðu einnig þess valdandi að ekki tókst að halda svokallaðri H21 eftirfylgni gangandi. Árið 2013 var ákveðið að kalla saman þá sem talað hafa á H21 málþingunum frá upphafi á fund með það í huga að stofna fræðilegan leshóp sem héldi við tengslum á milli þeirra sem tekið hafa þátt og héldi fræðilegri umræðu lifandi innan hópsins. Þrjár fundir voru haldnir í byrjun árs 2014 en síðan hefur ekkert gerst, fyrst vegna flutninga og síðan annarra starfa og minna svigrúms. Reynsla af fundunum var samt góð og vert að halda þessum viðburðum gangandi.

Styrkumsóknir

Vorið er tími styrkumsókna og demónar taka þar virkan þátt. Eins og á fyrra ári sóttu akademónar um í Starfslaunasjóð sjálfstætt starfandi fræðimanna, starfsstyrki Hagþenkis, Tónlistarsjóð og rannsóknarsjóði Rannís auk annarra styrkja, svo sem Erasmus+ áætlunina. Framkvæmdastjóri lagði sig fram um að hvetja fólk áfram í umsóknarvinnunni auk þess að lesa yfir og styðja umsækjendur á hvern þann hátt sem þurfa þótti. Hildigunnur Ólafsdóttir bauð einnig fram þekkingu sína og reynslu í styrkjamálum og las yfir nokkrar umsóknir sem var mikill styrkur. Heimtur af styrkjum voru nokkuð góðar, ekki síst úr Starfslaunasjóðnum sem boðar betri tíð fyrir þá sem vilja vinna sjálfstætt að fræðunum.

Ráðstefnur

12. alþjóðlega dansráðstefnan á vegum NOFOD, Nordic forum for dance research var haldin í lok maí nánar tiltekið 28. – 31. maí 2015. RA ses var samstarfsaðilar NOFOD hér á landi ásamt LHÍ og sá um fjárhagslega umsýslu auk þess að gera heimasíðu fyrir viðburðinn. Verkefnistjóri ráðstefnunnar fyrir NOFODs hönd Sesselja G. Magnúsdóttir framkvæmdastjóri RA ses fékk einnig svigrúm til að nýta eigin aðstöðu í RA ses við undirbúningsvinnuna. Alls voru 60 manns skráðir á viðburðinn frá 12 löndum með rúm þrjátíu erindi.

Bókasafn Dagsbrúnar

Bókasafn Dagsbrúnar er í eigu Eflingar – stéttarfélags og er til húsa hjá ReykjavíkurAkademíunni ses að Þórunnartúni 2 og er í umsjón hennar. Safnið er sérfræðisafn á sviði atvinnulífs og verkalýðsmála ásamt því að vera handbókasafn fyrir ReykjavíkurAkademíuna.

Starfsmenn safnsins í upphafi árs 2015 voru Anna Jensdóttir bókasafnsfræðingur, Guðný Kristín Bjarnadóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur og Ian Watson félagsfræðingur. Í lok janúar lét Anna af störfum en hafði fyrir þann tíma komið safninu vel fyrir í nýja húsnæðinu ásamt Guðnýju. Ian hætti síðan í lok sumars og um miðjan september fór Guðný í veikindaleyfi svo safnið var að mestu lokað síðustu mánuði ársins.

Í árslok 2014 voru 8.947 titlar skráðir í Gegni, samskrá íslenskra bókasafna, og eru það samtals 12.580 eintök. Litlar breytingar urðu á árinu 2015 hvað bókakost varðar þó eitthvað hafi bæst við. Aðsókn að safninu var svipuð og fyrri ár og eru það ekki síst akademónar sem nýta sér safnkostinn. Kynning á safninu, m.a. með facebook-síðu þess hélt áfram á árinu og sala tvítaka úr safnkostinum gekk vel. Bóksala safnsins fór bæði fram á facebook-síðunni og Biblio.com.

Starfssemi

Innan bókasafnsins var haldið áfram að auka opinn aðgang að íslenskum bókum. Þetta er í samræmi við eitt af markmiðum safnsins, að bæta og auka þjónustu við almenning og auka og auðvelda aðgang að upplýsingum, í samræmi við markmið og gildi Eflingar.

Áhersla var lögð á að koma íslenskum bókum frá 20. öld í opinn aðgang – sérstaklega fræðibókum sem gefnar hafa verið út án væntinga um gróða. Bækurnar hafa verið skannaðar á rafrænt form og eru aðgengilegar án endurgjalds á vefsíðu Hathi Trust, sem er samstarf háskólabókasafna í Ameríku. Starfsmenn hafa aðstoðað höfunda við að fá bækur skannaðar, hafi þær ekki verið það þá þegar, og birta í opnum aðgangi.

Starfsfólk Bókasafns Dagsbrúnar hefur einnig haldið áfram þeirri vinnu að koma þeim bókum í opinn aðgang sem þegar hafa verið skannaðar hjá Hathi Trust en ekki hefur verið gefinn aðgangur að. Verkefnið felst í að hafa samband við höfunda þessara bóka

og aðstoða þá við að senda inn þar til gert eyðublað þar sem höfundur gefur leyfi fyrir því að bókinn sé gerð aðgengileg í opnum aðgangi. Nokkrir höfundar hafa haft samband að fyrra bragði og beðið um þessa aðstoð.

Lokið hefur verið við að tengja megnið af bókunum í opnum aðgangi hjá Hathi Trust sem eru frá því fyrir 1873 inn í Gegni, samskrá íslenskra bókasafna. Þetta er gert með það í huga að auðvelda aðgang notenda íslenskra bókasafna að rafrænum eintökum þessara verka og spara sér þannig bæði vinnu og fyrirhöfn.

Föstudaginn 17. apríl kynnti Ian var verkefnið um opinn aðgang í móttöku sem haldin var á vegum bókasafnsins. Eftir stuttan fyrirlestur um efnið var gestum boðið að skoða safnið og þiggja léttar veitingar.

Hinn árlegi Dagsbrúnarfyrirlestur sem venjulega hefur verið haldinn í lok árs féll niður árið 2015 en ráðgert er að halda tvo á árinu 2016 þegar 60 ár eru liðin frá stofnun Bókasafns Dagsbrúnar.

Rannsóknarverkefni innan vébanda ReykjavíkurAkademíunnar ses

Hlutverk RA ses er ekki síst að styðja við sjálfstætt starfandi fræðimenn með því að veita aðstoð við fjárhagslega umsýslu rannsóknarverkefna. Á árinu 2015 voru nokkur minni og stærri verkefni í húsi sem nýttu sér þessa þjónustu.

Prentsmiðja fólksins

Verkefnisstjóri fyrir hönd RA er dr. Davíð Ólafsson.

Rannsóknarverkefnið *Prentsmiðja fólksins: Handrita- og bókmennning síðari alda* var fjármagnað var úr Rannsóknarsjóði 2012-2014. Akademónarnir Davíð Ólafsson og Clarence Glad luku sínum hluta rannsóknarverkefnisins á árinu á árinu 2014 auk fjögurra annarra fræðimanna sem tengdir eru Stofnunum Árna Magnússonar á Íslandi og í Danmörku, Þjóðminjasafni Íslands og Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Jafnframt sinnti Davíð ásamt Matthew Driscoll hlutverki verkefnisstjóra við rannsóknarverkefnið. Árið 2015, 9. maí var haldið málþing í ráðstefnusal

Þjóðarbókhlöðunnar þar sem niðurstöður fjögurra stórra rannsóknarverkefna sem styrkt voru af Rannsóknarsjóði árin 2010-2015 voru kynntar. Þar á meðal niðurstöður verkefnisins *Prentsmiðja fólksins* og markaði sú kynning eiginleg lok verkefnisins. Lokafrágangur verkefnisins mun fara fram árið 2016.

Reading and Writing From Below

Davíð Ólafsson var einnig þátttakandi og meðstjórnandi í fjölþjóðlegu samstarfsverkefni, *Reading and writing from below: Towards a new social history of literacy in the Nordic sphere during the long nineteenth century*, sem fjármagnað er af NORDCORP áætlun norrænu rannsóknarsjóðanna á sviði hug- og félagsvísinda (NOS HS) 2011-2014. Engin vinna var við verkefnið 2015 en lokafrágangur verður unninn árið 2016.

Rannsóknarnet um menningarlega sjálfbærni og þátt menningar í sjálfbærri þróun – COST (European Cooperation in Science and Technology)

Verkefnisstjórar fyrir hönd RA ses: dr. Gunnþóra Ólafsdóttir og Viðar Hreinsson ReykjavíkurAkademían hýsir COST verkefnið fyrir Íslands hönd. Gunnþóra Ólafsdóttir og Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur í ReykjavíkurAkademíunni voru tilnefnd af Rannís til að sitja í alþjóðlegri framkvæmdanefnd verkefnisins. Auk þeirra er Sólveig Ólafsdóttir virkur þátttakandi í verkefninu.

Ein meginafurð verkefnisins verður ritröð bóka um menningarlega sjálfbærni og hefur sú vinna þokast bærilega áleiðis. Viðar mun rita menningarsögulega grein í bók sem hefur vinnuheitið „Culture, sustainability and the environmental realm“ og er stefnt að útgáfu árið 2016.

Nánari upplýsingar um COST verkefnið *IS 1007 Investigating Cultural Sustainability* er að finna á vefsíðu rannsóknansins <http://www.culturalsustainability.eu/>

Stafrænar sögur

Verkefnisstjóri: Salvör Aradóttir.

Starfsemi verkefnisins Stafrænar sögur í RA lá í láginni árið 2015 utan ferðar verkefnastjóra til Bretlands til að kynna sér reynslu háskólastofnana í Bretlandi af stafrænni sagnagerð í fræðilegu samhengi. Styrknum hafði verið landað á árinu 2014.

Íslenskar fornritarannsóknir og þjóðmenning

Verkefnisstjórar á vegum RA eru: Clarence E. Glad og Gylfi Gunnlaugsson

Hér eru um þriggja ára alþjóðlegt rannsóknarverkefni að ræða (2014–2017) þar sem störf þeirra íslensku fræðimanna sem fengust við útgáfu á og skrif um íslensk fornrit/norrænar fornþókmenntir á árunum 1780–1918 eru rannsökuð með tilliti til þeirra þjóðernishugmynda sem þar koma fram. Verkefnið er fjármagnað af Rannsóknasjóði en þátttakendur í rannsókninni aðrir en verkefnisstjórnir eru Matthew J. Driscoll, Kaupmannahöfn, Gottskálf Jensson, Kaupmannahöfn, Jon Gunnar Jørgensen, Oslo, Annette Lassen, Kaupmannahöfn, Julia Zernack, Frankfurt am Main, Simon Halink, Groningen og Hjalti Snær Ægisson, Reykjavík.

Heimilislausa leikhúsið

Verkefnastjóri fyrir RA ses hönd er Björg Árnadóttir

Verkefnið sem gengur undir heitinu Heimilislausa leikhúsið og hlaut EEA styrk er samstarfsverkefni Borgarinnar og RA ses við Divadlo bez Domova Heimilislausa leikhúsið í Bratislava en í því verkefni hefur kynning og innleiðing aðferðarinnar *Theatre of the Oppressed* í vinnu með fullorðnum verið megininntakið. Samstarfshluti verkefnisins hefur snúist um tvennt. Annars vegar smiðju sem haldin var í Bratislava í tengslum við leiklistarhátíðina ERROR í nóvember 2014 en þangað fóru þrjár einstaklingar frá Íslandi, Björg Árnadóttir frá RA og félagsráðgjafarnir Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir (Gistiskýli, Granda) og Ragnheiður Elfa Arnadóttir (Grettistak) frá Reykjavíkurborg; hins vegar smiðju sem haldin var hér

í Reykjavík vorið 2015 og málþing RA og Reykjavíkurborgar *Valdefling – skipandi aðferðir í vinnu með fullorðnum* sem haldið var 15. maí var byggt á.

Önnur verkefni innan ReykjavíkurAkademíunnar

Pre-Christian Religions of the North

Verkefnisstjóri fyrir hönd RA ses: Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur.

RA er lykilþátttakandi í alþjóðlegu samstarfsverkefni ásamt Snorrastofu í Reykholti og Háskóla Íslands um útgáfu fjölbinda yfirlitsrits um rannsóknir síðustu áratuga í norrænni goðafræði. Verkefnisstjóri fyrir hönd RA ses er Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur og situr Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur einnig í aðalstjórn verkefnisins. Ingunn er auk þess fulltrúi stjórnar í einni af þremur ritnefndum verkefnisins.

Verkefnið er afar viðamikilið en komið vel á veg. Fáeinir minni háttar styrkir hafa fengist hérlandis, aðallega frá Rannsóknasjóði Háskólans, til að standa undir gagnaskráningu en aðallega hefur verkefnið verið styrkt af erlendum aðilum og fara þar Ástralir og Svíar fremstir í flokki með þeim árangri að brátt sér fyrir endann á verkefninu. Í byrjun árs 2015 fékkst síðan 5 milljón króna styrkur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til verkefnisins.

Þátttakendur í verkefninu eru fjölmargir af fremstu fræðimönnum heims á sviði norrænnar goðafræði.

Ráðstefnur og málþing

H21 - Hugmyndir 21. aldarinnar.

Eitt málþing undir merkjum *H-21* eða *Hugmyndir 21. Aldarinnar* var haldið á árinu 2015 eða þann 13. nóvember og bar yfirskriftina „Öráreitni. Fordómar, fræði...“ Framsögumenn voru Brynja Elísabet Halldórsdóttir doktor í menntavísindum, Eyja Margrét Brynjarsdóttir doktor í heimspeki, Finnur Dellsén doktor í heimspeki og Marco Solimene doktor í mannfræði. Umræðustjóri var Jón Ólafsson heimspekingur.

Markmið H21 málþinganna er að stuðla að þverfaglegri umræðu innan félags- og hugvísinda um strauma og stefnur í mannvísindum samtímans. Á hverju málþingi er stefnt saman fjórum fræðimönnum á sviði félags- og hugvísinda og þeir fengnir til að kynna rannsóknir sínar, ræða kenningarlegar undirstöður og tengingu við fræðilega strauma samtímans. Auk fræðimannanna skimar umræðustjóri eftir sameiginlegum þráðum og skapar umræðu um fræðin. Reynt er að kynna það nýjasta í fræðunum hverju sinni með því að fá sem framsögumenn fólk sem nýlega hefur lokið doktorsnámi.

Valdefling – skapanandi aðferðir í vinnu með fullorðnum

ReykjavíkúAkademían í samstarfi við Reykjavíkurborg, stóð fyrir heilsdags málþingi um hvernig nýta megi skapanandi aðferðir á valdeflandi hátt í vinnu með fullorðnum. Málþingið var annað málþingið sem haldið er sem flokkast undir styrktarsamning borgarinnar við RA ses. Fyrirlesarar á málþinginu voru Bjarni Karlsson guðfræðingur, Kristín Valsdóttir tónlistarkennari og Patrik Krebs stjórnandi hins svokallaða Heimilislausu leikhúss í Bratislava. Einnig tóku þátt í málþinginu Steinunn Ása Þorvaldsdóttir, Valgerður H. Bjarnadóttir, Magðalena Kjartansdóttir, Zahra Mesba, Kristín R. Vilhjálmisdóttir, Sigrún Halla Tryggvadóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Björg Árnadóttir og Trausti Ólafsson. Björk Vilhelmsdóttir formaður velferðarráðs sleit málþinginu. Málþingsstjóri var Ragnheiður Elfa Arnadóttir.

Samstarf ReykjavíkúAkademíunnar við Sögufélagið og ýmis fræðafélög

Samstarf ReykjavíkúAkademíunnar við þau ýmsu fræðafélög sem skráð eru í Félag RA var með svipuðu móti og síðustu ár og héldu félögin mörg hver fræða- og félagsfundi í húsakynnum RA ses.

Fræðimenn og fræðafélög innan ReykjavíkúAkademíunnar

Sjá heimasíðu ReykjavíkúAkademíunnar - www.akademia.is